

Blöðruprýstingsmæling hjá mænusköðuðum

Blöðruprýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðrunnar. Rannsóknin tekur 60–90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Undirbúningur fyrir rannsókn

- Taka á öll lyf eins og venjulega.
- Fylla þarf út og koma með, meðfylgjandi vökva- og þvaglátaskrá. Þvagmagnið er mælt í mælikönnu og er nákvæm skráning mikilvæg.
- Vera mál að kasta af sér þvagi ef eðlileg skynjun er á þvaglátum.
- Tappa af sér heima eins og venjulega ef um þvagstöppun er að ræða.
- Vegna leggs sem er settur í endaparm er mikilvægt að hægðalosun hafi verið daginn fyrir rannsóknina.

Ekki er hægt að gera rannsóknina ef grunur er um þvagfærasýkingu, ef niðurgangur er til staðar eða meðan á blæðingum stendur.

Framkvæmd rannsókna

Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endaparm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna og tvær elektróður við endaparm sem mæla vöðvaviðbrögð.

Ef um eðlilega skynjun á þvagþörf er að ræða er skráð hvenær þörf fyrir þvaglát byrjar og hvenær sjúklingi verður mál. Þegar þvaglátþörf er orðin mikil er hætt að dæla vatni og þá má kasta af sér þvagi í sérstakan mæli.

Ef skynjun á þvagþörf er ekki til staðar er fyllt á þvagblöðru með því magni sem hún tekur samkvæmt þvaglátaskránni sem komið er með í rannsóknina. Þvagleki er einnig skráður.

Að lokinni rannsókn er viðtal við lækni sem metur hvort þörf er á blöðruspeglun í kjölfarið.

Kostnaður

Ekki þarf að greiða fyrir rannsóknina.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Velkomið er að hafa samband við deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.